

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um rekstur framhaldsskóla.

1. *Hver var fjöldi nýnema og fjöldi útskrifaðra nemenda í hverjum framhaldsskóla fyrir sig á hverri önn sl. 10 ár?*

Í þessu svari er litið svo á að nýnemi sé nemandi sem kemur beint úr grunnskóla og hefur nám í framhaldsskóla að hausti sama ár. Aðeins er unnt að tilgreina innritun nýnema á haustönn hvers árs þar sem tölum um innritun á vorönn í þeim skólum sem taka við nemendum í janúar er ekki safnað sérstaklega. Afar fátítt er að nemendur sem ljúka grunnskóla bíði með að hefja nám í framhaldsskóla fram í janúar.

Í viðauka I koma fram tölur um innritun nýnema í þá 32 framhaldsskóla sem buðu á tímabilinu 2008–2017 upp á fjölbreytt heildstætt nám til lokaprófa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Í viðauka II koma fram tölur um útskrifaða nemendur þeirra 32 framhaldsskóla sem buðu á tímabilinu 2008–2017 upp á fjölbreytt heildstætt nám til lokaprófa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

2. *Hver var heildarfjöldi nemenda í hverjum framhaldsskóla á hverri önn sl. 10 ár?*

Í viðauka III koma fram tölur um fjölda nemenda sem voru skráðir í þá 32 framhaldsskóla sem buðu á tímabilinu 2008–2017 upp á heildstætt nám til lokaprófa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Rétt er að geta þess að hér eru taldir allir nemendur skólanna, svokölluð höfðatala nemenda, burtséð frá því hvort þeir eru í fullu námi. Þá kunna að finnast dæmi þess að sami nemandi sé skráður í tvo skóla eða fleiri þar sem hann tekur megnið af náminu í einum skóla en bætir við sig nokkrum einingum, t.d. í fjarnámi, í öðrum. Tölur haustanna eru fengnar úr svokölluðum hagstofulistum gagnagrunnsins Innu sem staðfestir eru um miðjan október. Tölur voranna eru byggðar á tölum ráðuneytisins sem skólarnir gefa upp fyrri hluta febrúar ár hvert.

3. *Hver er sundurliðaður kostnaður framhaldsskólanna eftir önnum samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins sl. 10 ár, að meðtöldu árinu 2018 samkvæmt fjárlögum?*

Fjárveitingar til framhaldsskóla í fjárlögum hvers árs endurspegla niðurstöður reiknilíkans framhaldsskóla. Í viðauka IV er tafla sem sýnir greiðslur til framhaldsskóla úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum fyrir árin 2008–2017.


4. *Hver hefur verið árleg úthlutun af safnliðum ráðuneytisins eftir skólum og hverjar eru forsendur úthlutunar hvers árs?*

Árlegar úthlutanir af safnliðum ráðuneytisins felast annars vegar í breytingum á fjárheimildum framhaldsskóla með millifærslum á milli fjárlagaliða og hins vegar greiðslum fyrir einstök verkefni.

Í viðauka V og viðauka VI má sjá töflur sem sýna hreyfingar vegna millifærslna og greiðslna til framhaldsskóla árin 2008–2017.

5. *Hver var árlegur kostnaður sömu skóla samkvæmt ríkisreikningi og hver er helsta skýring árlægs fráviks í rekstri hvers skóla frá kostnaðarmati samkvæmt reiknilíkaninu?*

Síðastliðin tvö ár hefur heildarafkoma opinberra framhaldsskóla verið jákvæð. Árið 2016 var 76,9 millj. kr. afgangur af rekstri framhaldsskóla í heild, sem nemur 0,41% af heildarfjárheimild til framhaldsskóla. Árið 2017 var 552,4 millj. kr. afgangur af rekstri framhaldsskóla í heild, sem nemur 2,71% af heildarfjárheimild skólanna. Myndin hér á eftir sýnir þróun heildarafkomu framhaldsskóla árin 2008–2017.



Mennta- og menningarmálaráðuneyti gefur fjármála- og efnahagsráðuneyti ársfjórðungslega skýringar á frávikum í rekstri stofnana. Miðað hefur verið við að leita skýringa þegar útgjöld stofnunar eru 4% umfram fjárheimild.

Árið 2017 voru þrjú framhaldsskólar af 27 opinberum framhaldsskólum með rekstrarhalla undir -4% af heildarfjárheimild, þ.e. að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári. Einn framhaldsskóli var hins vegar með rekstrarhalla undir -4% innan ársins 2017.

Árið 2016 voru fjórir skólar með rekstrarhalla undir -4% af fjárheimild innan ársins. Í viðauka VII er dreginn saman fjöldi framhaldsskóla sem voru annars vegar með rekstrarhalla undir -4% og hins vegar með rekstrarafgang umfram 4%.

Rekstrarafkoma opinberra framhaldsskóla af fjárheimild innan árs.

	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Rekstrarafgangur umfram 4%	7	4	5	2	2	1	4	7	6	2
Rekstrarhalli undir -4%	1	4	2	6	4	8	5	3	3	6

Ástæður mismunandi rekstrarstöðu framhaldsskóla geta verið margvíslegar, eins og aukinn kostnaður vegna veikinda meðal kennara sem mæta þarf með forfallakennslu, kennsluafsláttur eldri kennara, breytingar á skipulagi kennslu og skólastarfs, mismunandi samsetning nemendahópa og stoðþjónusta sem getur reynst kostnaðarsöm. Þá getur skapast tímabundið óhagræði vegna framkvæmda.

Rekstrarafgang umfram 4% má oft skýra með því að skólarnir hyggja á kostnaðarsöm kaup á tækjum og búnaði á næstunni.

Í viðauka VII má annars vegar sjá frávik rekstrar fjárheimildar innan árs og hins vegar frávik rekstrar af heildarfjárheimild, þ.e. að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári sundurliðað niður á framhaldsskóla fyrir árin 2008–2017.

6. Hvert var brottfall nemenda á hverri önn og hvernig skilgreinir ráðherra brottfall úr framhaldsskóla?

Skilgreiningar á brottvarfi nemenda úr námi er ekki að finna í lögum eða reglugerðum. Hér á eftir eru tilgreindar nokkrar alþjóðlegar leiðir sem notaðar eru til að meta brottvarf úr námi.

Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins skilgreinir brottvarf sem nemendur á aldrinum 18–24 ára sem eru ekki í námi eða starfsþjálfun og hafa ekki lokið prófi á framhaldsskólastigi.

Hagstofa Íslands notar aðferð OECD og mælir brottvarf úr framhaldsskóla með því að fylgja eftir nýnemum sem hefja nám að hausti tiltekið ár og stunda nám í dagskóla en hætta námi án þess að útskrifast og eru ekki skráðir aftur í nám fjórum, sex eða sjö árum síðar. Hér er brottfall ekki greint eftir framhaldsskólum þar sem nemandi sem hefur nám í einum skóla en lýkur því í öðrum, er ekki talinn með í brottfalli.

OECD notar einnig NEET (Not in Education, Employment or Training) skilgreininguna sem er hlutfall mannfjöldans á ákveðnu aldursbili, þ.e. 15–19, 20–24, 25–29 eða 30–34 ára sem er ekki í námi, starfsþjálfun eða á vinnumarkaði. NEET er gagnlegur mælikvarði þegar verið er að meta brottvarf og bera saman á milli landa. NEET er lægst á Íslandi af öllum þeim ríkjum sem Eurostat tekur saman tölur fyrir.

Fyrsta brottvarf er gjarnan skilgreint og er sú staða þegar nemandi hverfur frá framhaldsskóla í fyrsta skipti. Í framantöldum skilgreiningum er miðað við uppsafnaðar tölur yfir þá sem hverfa frá námi á ákveðnu tímabili, t.d. fjórum eða sjö árum eftir að nám hefst. Líkur eru á að brottvarf sem gerist við byrjun framhaldsskóla sé í raun oft hafið áður en nemandi fer í framhaldsskóla en fyrsta raunverulega tækifærið til að hverfa frá námi er við þessi skil.

Snemmbúið brotthvarf úr framhaldsskóla er, í flestum tilvikum, talið vera ferli sem er hafið áður en komið er á framhaldsskólaaldrinum.

Bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands um stöðu nýnema árána 2010–2012 liggja nú fyrir. Staða nýnema sem innrituðust árið 2012, fjórum árum síðar, er þannig að brautskráð eru 55,2% (48,9% karlar og 61,6% konur). Brotthafa fallið 24,9% (28,5% karlar og 21,3% konur). Enn eru í námi 19,9% (22,6% karlar, 17,1% konur).

7. *Er marktækur munur á brottfalli nemenda á milli framhaldsskóla? Ef svo er, hver er munurinn?*

Ekki hafa verið teknar saman af opinberum aðila upplýsingar um mun á brotthvarfi úr framhaldsskóla eftir skólum. Eins og sjá má í svari við 6. tölulið fyrirspurnarinnar eru þær aðferðir sem opinberir aðilar hafa notað í brotthvarfsumræðu ótengdar einstökum skólum en miða við heildarfjölda í landinu eða fjölda nýnema á ári. Brotthvarfstölur eftir skólum sýna því annars konar brotthvarf en samantekið heildarbrotthvarf í kerfinu.

Töluvert er um að framhaldsskólanemar skipti um skóla. Brotthvarf mælt innan skóla getur orðið vegna þess að nemandi hafi flutt sig í annan skóla eða hætt alveg í skóla, t.d. til að fara að vinna. Brotthvarf sem mælist innan skóla getur verið af mismunandi ástæðum. Það getur verið að námið sé ekki við hæfi, þ.e. of þungt eða ekki í takt við áhuga nemandans. Það getur einnig komið til vegna slaks námsárangurs úr grunnskóla, lítillar skuldbindingar nemandans við námið eða félagslegrar ábyrgðartilfinningar, að trú á eigin getu sé lítil, vegna andlegrar vanlíðanar eða að stuðningur og hvatning foreldra sé lítil. Einnig virðist atvinnuástand hafa áhrif. Eftirfylgni með þessari tegund brotthvarfs er fyrst og fremst á forræði skólameistara hvers skóla og er oft einstaklingsmiðuð.

Menntamálastofnun hefur kallað eftir upplýsingum frá framhaldsskólum um ástæður brotthvarfs hjá nemendum. Þar eru brotthvarfsmemar skilgreindir sem þeir sem hefja nám á tiltekinni önn en hætta í skólanum áður en til lokaprófa kemur. Hafa ber í huga að hér eru ekki taldir með þeir nemendur sem hætta á milli anna, þ.e. taka próf við lok annar en halda ekki áfram námi á næstu önn. Munurinn á milli skóla í þessu tilliti, árið 2016 og haustið 2017, var nokkur og er þess konar brotthvarf á bilinu 0% til 12%. Hlutfall brottfalls innan hvers skóla er þá skilgreint sem fjöldi þeirra nemenda sem ekki taka lokapróf á önninni á móti heildarfjölda nemenda við byrjun annar. Hér er ekki um að ræða úrtak nemenda í framhaldsskóla heldur allt þýðið og því á spurningin um hvort munurinn sér marktækur ekki við. Munur á brotthvarfshlutfalli á milli skóla skýrist að mestu leyti með mismunandi nemendasamsetningu skólanna og stöðu þeirra í námi við lok grunnskóla.

8. *Hver var árlegur kostnaður hvers framhaldsskóla vegna brottfallinna nemenda og hvernig er kostnaður hvers skóla vegna brottfallinna nemenda gerður upp?*

Kostnaður hvers framhaldsskóla vegna brottfallinna nemenda er ekki gerður upp.

9. Hvað kostaði hver útskriftarnemi á önn að meðaltali hjá hverjum skóla?

Fram til ársins 2016 birtist í frumvarpi til fjárlaga tafla sem sýndi framlag á hvern ársnemanda skipt eftir framhaldsskólum. Frá fjárlögum ársins 2017 er sambærilega töflu að finna í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi og fjárlögum.

Að stærstu leyti ákvarðast fjárveitingar til framhaldsskóla af samsetningu náms sem boðið er í hverjum skóla. Gert er ráð fyrir mismunandi hópastærðum, tækjakosti og húsnæði eftir eðli námsins. Við það bætist fastur kostnaður, svo sem húsnæðiskostnaður og sérstök verkefni sem skólarnir sinna.

Viðauki VIII sýnir framlag á ársnemenda eftir framhaldsskólum, eins og það birtist með fjárlagafrumvarpi árána 2008–2017.

Viðaukar:

- I. Innritun nýnema.
- II. Útskrifaðir nemendur.
- III. Fjöldi í framhaldsskólum.
- IV. Greiðslur til framhaldsskóla.
- V. Millifærslur fjárheimilda framhaldsskóla.
- VI. Greiðslur til framhaldsskóla fyrir verkefni.
- VII. Heildarfrávik frá fjárheimildum.
- VIII. Framlag á ársnemanda.

Viðauki I. Innritun nýnema.

Nýnemar innritaðir á fyrsta ár í framhaldsskóla 2008–2017.

Fjlnr.	Skammst.	Heiti skóla	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
301	MR	Menntaskólinn í Reykjavík	205	272	213	249	260	259	252	207	240	248
302	MA	Menntaskólinn á Akureyri	200	226	230	224	201	219	231	201	234	214
303	ML	Menntaskólinn að Laugarvatni	48	42	52	49	51	44	25	52	53	51
304	MH	Menntaskólinn við Hamrahlíð	249	303	271	245	259	277	262	262	238	287
305	MS	Menntaskólinn við Sund	270	249	217	182	218	228	243	250	234	195
306	MÍ	Menntaskólinn á Ísafirði	73	74	77	66	84	60	73	54	41	48
307	ME	Menntaskólinn á Egilsstöðum	80	75	64	79	104	80	75	61	70	65
308	MK	Menntaskólinn í Kópavogi	231	228	267	243	247	241	203	238	172	201
309	KVSK	Kvennaskólinn í Reykjavík	157	158	150	214	239	206	197	223	232	201
350	FB	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	225	269	267	204	167	153	195	175	196	188
351	FÁ	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	168	146	170	107	151	142	105	105	85	95
352	FLB	Flensborgarskóli	233	208	211	217	187	191	170	195	209	188
353	FS	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	247	288	282	229	241	248	216	255	255	254
354	FVA	Fjölbrautaskóli Vesturlands	138	136	122	116	113	112	108	116	95	117
355	FÍV	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	60	51	70	51	67	70	52	67	45	53
356	FNV	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	74	69	56	67	75	71	81	88	75	44
357	FSu	Fjölbrautaskóli Suðurlands	195	222	207	233	221	213	203	172	197	189
358	VA	Verkmenntaskóli Austurlands	30	38	40	46	30	30	33	42	35	25
359	VMA	Verkmenntaskólinn á Akureyri	244	215	211	204	219	211	246	212	216	203
360	FG	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	136	207	192	174	175	174	205	197	196	190
361	FAS	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	22	33	25	37	22	35	29	28	27	18
362	FSH	Framhaldsskólinn á Húsavík	36	23	36	28	25	30	20	25	24	17
363	FL	Framhaldsskólinn á Laugum	28	31	32	39	19	30	27	18	18	12
365	BHS	Borgarholtsskóli	246	276	234	228	232	212	194	206	274	298
367	FSN	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	61	73	46	56	38	57	41	42	52	49
368	MB	Menntaskóli Borgarfjarðar	32	34	31	25	30	33	27	38	33	35
369	MHR	Menntaskólinn Hraðbraut	51	54	36	0	0	0	0	0	0	0
370	FMOS	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0	26	36	24	31	35	93	94	75	62
372	MTR	Menntaskólinn á Tröllaskaga	0	0	18	23	33	20	26	24	24	26
504	TS	Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	185	186	152	192	173	173	166	218	296	274
516	IH	Iðnskólinn í Hafnarfirði	50	66	74	86	79	73	67	0	0	0
581	VÍ	Verslunarskóli Íslands	319	312	311	341	340	311	342	281	326	280
SAMTALS			4.293	4.590	4.400	4.278	4.331	4.238	4.207	4.146	4.267	4.127

Viðauki II. Útskrifaðir nemendur.

Heiti skóla	vor 2008	jól 2008	vor 2009	jól 2009	vor 2010	jól 2010	vor 2011	jól 2011	vor 2012	jól 2012	vor 2013	jól 2013	vor 2014	jól 2014	vor 2015	jól 2015	vor 2016	jól 2016	vor 2017	jól 2017
Menntaskólinn í Reykjavík	203	0	181	0	202	0	188	0	172	0	233	0	187	0	176	0	205	0	202	0
Menntaskólinn á Akureyri	159	0	144	0	183	0	167	0	154	0	148	1	180	0	152	0	153	0	146	1
Menntaskólinn að Laugarvatni	19	0	26	0	25	0	35	0	32	0	36	0	35	0	32	0	44	0	28	0
Menntaskólinn við Hamrahlíð	148	106	154	81	175	89	200	88	195	81	210	83	183	76	179	83	194	107	157	183
Menntaskólinn við Sund	143	0	129	0	125	0	127	0	182	0	164	1	156	2	127	0	126	0	143	3
Menntaskólinn á Ísafirði	47	30	55	26	49	8	52	12	35	17	66	7	54	4	52	23	41	13	55	7
Menntaskólinn á Egilsstöðum	50	15	35	53	37	13	49	16	34	19	51	0	37	13	59	23	43	18	36	33
Menntaskólinn í Kópavogi	240	111	274	116	253	85	271	118	341	98	300	115	286	94	274	122	256	110	258	115
Kvennaskólinn í Reykjavík	141	0	105	0	131	0	146	0	226	36	110	27	164	21	176	41	175	17	150	16
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	199	137	174	115	156	175	195	165	214	164	214	155	175	144	193	147	158	125	143	121
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	188	135	159	95	150	98	138	76	155	154	131	88	151	87	149	135	176	80	127	115
Flensborgarskóli	72	53	65	69	68	72	94	71	105	72	65	57	87	76	72	67	74	64	67	67
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	123	85	150	81	114	73	91	83	124	91	136	79	107	79	107	56	109	71	108	95
Fjölbrautaskóli Vesturlands	116	35	96	59	151	46	111	47	82	50	78	39	63	88	55	62	36	59	75	63
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	23	25	18	21	27	15	19	20	24	17	25	31	26	16	49	13	24	21	16	13
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	65	24	75	11	72	10	71	13	55	3	111	14	54	0	81	0	74	0	63	6
Fjölbrautaskóli Suðurlands	158	94	175	106	146	106	140	101	142	129	119	124	132	118	111	124	178	61	114	70
Verkmenntaskóli Austurlands	39	0	49	0	35	0	46	0	47	3	27	0	36	6	25	10	32	7	34	0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	220	119	206	170	222	123	243	137	288	116	245	166	241	154	201	137	210	103	204	114
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	72	71	130	54	123	66	96	101	91	100	109	71	103	89	102	78	82	64	97	75
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	26	0	15	0	23	3	23	6	27	4	34	0	19	0	17	1	30	2	22	2
Framhaldsskólinn á Húsavík	35	0	50	0	27	0	22	0	44	0	29	0	18	0	23	0	15	0	30	0
Framhaldsskólinn á Laugum	12	0	15	0	37	0	19	0	34	0	19	0	12	0	20	0	25	0	34	0
Borgarholtsskóli	210	92	234	112	208	96	184	138	214	99	201	137	203	126	211	94	189	119	178	123
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	12	23	11	12	14	12	14	13	26	26	13	14	24	15	14	15	22	13	23	8
Menntaskóli Borgarfjarðar	0	0	3	0	23	2	24	1	39	2	21	0	27	2	22	0	26	3	21	6
Menntaskólinn Hraðbraut	57	0	63	0	49	1	61	0	49	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0	0	0	0	0	0	0	0	5	9	13	29	29	6	18	14	34	23	33	36
Menntaskólinn á Tröllaskaga	0	0	0	0	0	2	1	12	6	12	8	17	8	31	8	17	17	17	17	18
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	331	146	529	217	453	202	364	205	501	181	456	240	436	201	454	237	440	253	385	249
Iðnskólinn í Hafnarfirði	105	59	76	76	93	45	74	44	60	61	57	24	62	35	62	0	0	0	0	0
Verslunarskóli Íslands	263	0	280	4	297	0	287	0	312	6	281	2	275	0	295	5	296	4	270	4
Samtals brautskráðir nemendur	3.476	1.360	3.676	1.478	3.668	1.340	3.553	1.456	4.021	1.544	3.714	1.512	3.579	1.460	3.539	1.495	3.484	1.354	3.236	1.543
<i>Samtals brautskráðir á ári</i>	<i>4.836</i>		<i>5.154</i>		<i>5.008</i>		<i>5.009</i>		<i>5.565</i>		<i>5.226</i>		<i>5.039</i>		<i>5.034</i>		<i>4.838</i>		<i>4.779</i>	

Viðauki III. Fjöldi í framhaldsskólum.

Heiti skóla	2008 haust	2009 haust	2010 haust	2011 haust	2012 haust	2013 haust	2014 haust	2015 haust	2016 haust	2017 haust
Menntaskólinn í Reykjavík	857	905	876	890	918	895	897	872	846	854
Menntaskólinn á Akureyri	748	775	748	740	758	766	744	724	739	753
Menntaskólinn að Laugarvatni	147	151	170	164	176	170	142	151	151	172
Menntaskólinn við Hamrahlöð	1.397	1.502	1.514	1.414	1.441	1.349	1.300	1.266	1.195	1.237
Menntaskólinn við Sund	744	772	799	769	760	741	728	729	792	766
Menntaskólinn á Ísafirði	353	345	302	316	306	287	341	283	373	392
Menntaskólinn á Egilsstöðum	465	430	420	507	486	447	548	524	565	521
Menntaskólinn í Kópavogi	1.563	1.491	1.286	1.357	1.356	1.360	1.329	1.304	992	1.084
Kvennaskólinn í Reykjavík	558	593	594	649	645	654	654	661	646	625
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2.122	2.155	1.885	2.189	2.017	1.809	1.656	1.577	1.481	1.460
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	2.914	3.077	2.624	2.585	2.555	2.298	2.220	2.066	1.978	2.162
Flensborgarskóli	876	886	842	859	798	795	819	746	769	760
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.330	1.309	1.183	1.257	1.173	1.120	1.001	1.062	1.092	1.035
Fjölbrautaskóli Vesturlands	680	604	544	593	626	569	571	544	551	540
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	329	327	287	257	250	243	252	228	226	206
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	485	445	410	419	499	512	508	487	510	493
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.042	1.040	988	1.010	1.099	1.033	985	896	805	820
Verkmenntaskóli Austurlands	271	260	280	259	195	262	249	242	239	219
Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.066	1.806	1.695	1.756	1.716	1.580	1.564	1.388	1.351	1.279
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	923	910	898	891	894	939	987	933	891	851
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	273	352	239	272	228	173	171	163	163	157
Framhaldsskólinn á Húsavík	158	155	153	167	137	104	97	97	101	98
Framhaldsskólinn á Laugum	104	114	124	120	110	108	118	108	109	84
Borgarholtsskóli	1.513	1.431	1.435	1.522	1.460	1.381	1.334	1.272	1.299	1.303
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	309	277	211	236	258	217	236	217	200	182
Menntaskóli Borgarfjarðar	134	164	156	170	151	157	143	139	145	135
Menntaskólinn Hraðbraut	147	154	198	107	0	0	0	0	0	0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0	82	147	236	238	259	369	390	383	358
Menntaskólinn á Tröllaskaga	0	0	68	91	130	179	202	233	312	353
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	2.651	3.015	2.506	2.647	2.522	2.505	2.415	2.651	2.849	2.718
Iðnskólinn í Hafnarfirði	593	625	577	606	576	510	496	0	0	0
Verslunarskóli Íslands	2.048	2.111	1.523	1.758	1.804	1.772	1.759	1.579	1.493	1.422
Samtals nemendur í námi á haustönn	27.800	28.263	25.682	26.813	26.282	25.194	24.835	23.532	23.246	23.039

Fjöldi nemenda í framhaldsskólum á vorönn 2008–2017 samkvæmt innsendum tölum skólanna í febrúar.

Heiti skóla	vor 2009	vor 2010	vor 2011	vor 2012	vor 2013	vor 2014	vor 2015	vor 2016	vor 2017	vor 2018
Menntaskólinn í Reykjavík	845	897	868	870	910	868	879	854	838	837
Menntaskólinn á Akureyri	731	767	732	736	749	762	737	720	718	744
Menntaskólinn að Laugarvatni	152	146	166	164	165	165	137	146	145	171
Menntaskólinn við Hamrahlöð	1.311	1.420	1.411	1.350	1.363	1.312	1.204	1.188	1.069	1.111
Menntaskólinn við Sund	716	760	775	760	737	719	693	725	767	614
Menntaskólinn á Ísafirði	321	310	289	308	306	269	317	311	324	379
Menntaskólinn á Egilsstöðum	475	428	477	538	454	477	555	520	457	440
Menntaskólinn í Kópavogi	1.417	1.326	1.203	1.292	1.267	1.255	1.168	1.149	1.061	1.039
Kvennaskólinn í Reykjavík	564	587	592	639	602	615	613	609	610	603
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2.087	1.928	1.927	2.051	1.913	1.814	1.618	1.524	1.457	1.399
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	3.031	2.708	2.320	2.484	2.354	2.361	2.066	2.105	1.989	2.061
Flensborgarskóli	797	752	770	764	713	733	798	645	728	711
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.287	1.049	1.029	1.120	977	1.051	929	1.014	993	915
Fjölbrautaskóli Vesturlands	710	546	504	549	548	533	497	516	503	491
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	282	270	265	243	242	253	229	224	205	228
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	539	411	381	467	461	510	474	464	550	572
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.052	926	942	943	920	869	821	814	754	717
Verkmenntaskóli Austurlands	305	297	264	254	182	247	220	275	213	220
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.853	1.718	1.704	1.714	1.712	1.426	1.421	1.366	1.226	1.170
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	965	813	881	831	808	885	877	923	857	760
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	367	267	232	213	171	169	154	155	182	197
Framhaldsskólinn á Húsavík	160	150	154	144	103	125	92	92	109	100
Framhaldsskólinn á Laugum	118	112	117	121	103	118	110	108	105	87
Borgarholtsskóli	1.486	1.299	1.340	1.439	1.369	1.325	1.249	1.226	1.173	1.198
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	252	244	193	219	200	234	207	208	208	182
Menntaskóli Borgarfjarðar	132	156	160	167	141	151	130	142	139	116
Menntaskólinn Hraðbraut	150	166	190	100	0	0	0	0	0	0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0	91	151	239	230	274	350	362	330	328
Menntaskólinn á Tröllaskaga	0	0	81	100	175	171	237	266	349	365
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	2.845	2.636	2.404	2.579	2.374	2.194	2.164	2.537	2.624	2.381
Iðnskólinn í Hafnarfirði	664	565	564	529	497	498	500	0	0	0
Verslunarskóli Íslands	1.725	2.119	1.785	1.829	1.938	1.871	1.808	1.692	1.646	1.624
Samtals nemendur í námi á vorönnum	27.339	25.864	24.871	25.756	24.684	24.254	23.254	22.880	22.329	21.760

Viðauki IV. Greiðslur til framhaldsskóla.

Fjárlög 2008–2017

Greiðslur til framhaldsskóla úr ríkissjóði, millj. kr.

Liður	Heiti	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
L 301	Menntaskólinn í Reykjavík	450,7	493,4	475,4	450,0	485,4	544,4	563,6	674,4	781,5	846,9	889,9
L 302	Menntaskólinn á Akureyri	454,7	489,4	501,5	476,0	508,1	533,9	554,1	668,2	760,2	818,2	862,5
L 303	Menntaskólinn að Laugarvatni	144,2	155,7	159,1	148,5	161,2	172,5	181,6	232,2	284,5	306,9	311,8
L 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	642,6	710,4	709,6	688,4	770,1	814,3	839,7	1.005,2	1.159,0	1.239,1	1.272,3
L 305	Menntaskólinn við Sund	392,9	413,7	422,7	405,0	439,7	463,1	501,0	587,7	665,1	745,4	760,3
L 306	Menntaskólinn á Ísafirði	226,1	260,9	285,4	258,9	249,3	275,5	283,9	329,0	349,5	368,1	378,4
L 307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	240,8	253,6	270,5	259,3	270,4	303,6	318,2	404,1	429,1	470,5	489,7
L 308	Menntaskólinn í Kópavogi	668,1	743,9	688,3	689,3	761,3	791,2	827,9	973,3	1.140,0	1.205,1	1.239,6
L 309	Kvennaskólinn í Reykjavík	287,8	315,2	302,9	312,3	380,4	406,8	435,2	534,0	616,1	671,6	721,2
L 350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	893,3	893,5	859,5	847,4	977,0	1.017,9	1.050,4	1.188,0	1.353,6	1.461,4	1.537,8
L 351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	739,7	787,4	699,9	654,3	730,6	751,7	814,7	928,4	1.086,0	1.151,9	1.199,8
L 352	Flensborgarskóli	451,6	473,8	503,4	526,3	582,3	601,9	620,1	738,9	838,5	889,8	963,6
L 353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	656,4	651,3	644,2	633,4	687,9	724,5	747,7	926,4	1.025,6	1.160,1	1.212,0
L 354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	381,9	446,3	476,2	437,2	435,4	456,4	472,6	559,2	624,7	667,4	685,9
L 355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	174,2	171,7	174,9	183,5	208,9	220,0	229,0	268,4	305,0	334,1	340,3
L 356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	313,6	308,1	316,3	331,6	339,2	356,1	379,6	448,9	516,8	571,1	587,0
L 357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	591,7	635,3	693,2	665,6	746,4	814,0	819,1	956,3	1.101,2	1.213,4	1.282,4
L 358	Verkmenntaskóli Austurlands	165,4	203,8	222,4	208,6	236,4	244,9	259,2	287,7	318,8	357,7	361,6
L 359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	900,3	1.001,2	1.021,3	970,0	1.070,5	1.107,5	1.138,1	1.291,9	1.384,5	1.508,1	1.576,5
L 360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	410,5	449,8	461,6	462,0	505,5	535,3	555,8	669,1	763,4	818,9	857,5
L 361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	123,7	120,8	111,2	124,4	139,4	142,2	147,3	166,9	183,5	196,0	203,8
L 362	Framhaldsskólinn á Húsavík	120,2	132,9	133,2	120,3	130,1	141,1	146,6	141,7	157,2	168,4	177,5
L 363	Framhaldsskólinn á Laugum	137,2	153,5	180,1	169,5	184,4	198,2	203,2	213,4	232,6	256,8	265,1
L 365	Borgarholtsskóli	770,6	841,9	812,3	796,8	885,6	922,4	956,0	1.167,4	1.287,5	1.385,2	1.453,0
L 367	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	175,8	190,6	197,3	198,7	211,5	223,6	231,0	224,7	251,6	273,6	282,8
L 368	Menntaskóli Borgarfjarðar	89,7	97,3	167,2	164,1	164,6	166,8	170,3	173,5	191,6	210,5	226,1
L 369	Menntaskólinn Hraðbraut	173,2	168,2	160,1	141,5	83,0						
L 370	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		51,3	73,3	100,5	157,7	162,8	189,0	306,3	353,1	409,3	478,3
L 372	Menntaskólinn á Tröllaskaga		23,6	62,5	76,8	139,1	162,3	178,7	201,2	212,5	259,2	282,0
L 504	Tækniskólinn		1.721,3	1.686,2	1.594,7	1.754,0	1.818,2	1.876,8	2.151,5	3.037,3	3.217,4	3.268,3
L 505	Fjöltækniskóli Íslands	327,8										
L 514	Iðnskólinn í Reykjavík	1.179,4										
L 516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	515,1	599,2	607,8	567,6	602,7	599,4	546,0	599,8			
L 581	Verstunarskóli Íslands	837,1	953,1	913,4	855,5	917,6	964,7	988,2	1.103,0	1.239,3	1.325,2	1.352,8
	Samtals	13.636,3	14.912,1	14.992,9	14.518,0	15.915,7	16.637,2	17.224,6	20.120,7	22.649,3	24.507,3	25.519,8

Viðauki V. Millifærslur fjárheimilda framhaldsskóla.

Hreyfingar – millisumma viðfang.	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals (m.kr.)
02301 - Menntaskólinn í Reykjavík	22,3	27,6	28,1	26,6	42,9	16,1	34,9	14,4	18,0	17,8	248,7
02302 - Menntaskólinn á Akureyri	14,9	46,1	17,4	26,3	21,9	19,5	35,1	31,6	17,5	19,1	249,4
02303 - Menntaskólinn að Laugarvatni	2,8	4,7	2,2	10,5	23,2	10,9	7,5	-0,2			61,6
02304 - Menntaskólinn við Hamrahlíð	80,9	76,6	150,0	151,7	125,2	130,4	154,6	139,2	133,0	151,3	1.292,9
02305 - Menntaskólinn við Sund	5,4	23,8	33,5	21,4	16,1	40,9	28,8	32,1	8,5	46,7	257,1
02306 - Menntaskólinn á Ísafirði	10,4	6,5	2,2	4,6	23,6	-3,4	10,2	4,2	3,5	11,2	73,1
02307 - Menntaskólinn á Egilsstöðum	8,7	17,7	-9,5	2,2	22,6	14,1	17,5	10,7	11,9	9,6	105,4
02308 - Menntaskólinn í Kópavogi	27,1	41,0	72,8	85,3	102,9	73,8	45,0	61,3	20,7	21,8	551,6
02309 - Kvennaskólinn í Reykjavík	20,3	31,6	58,0	49,6	49,7	47,7	71,7	76,4	54,4	9,1	468,4
02350 - Fjölbautaskólinn í Breiðholti	-48,8	78,7	96,0	122,1	66,4	13,3	18,3	88,3	31,1	32,9	498,2
02351 - Fjölbautaskólinn Ármúla	43,9	40,0	32,5	93,4	158,2	112,5	94,7	38,5	17,8	20,6	651,9
02352 - Flensborgarskóli	31,8	60,9	70,1	87,7	-0,0	11,0	7,1	119,2	10,5	13,6	411,9
02353 - Fjölbautaskóli Suðurnesja	-23,4	27,8	44,7	53,5	47,3	41,7	31,1	42,7	27,1	7,8	300,3
02354 - Fjölbautaskóli Vesturlands	59,6	20,7	-12,8	51,6	14,2	11,1	12,9	21,8	16,8	22,8	218,8
02355 - Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	14,8	9,9	26,8	20,4	3,4	1,0	5,0	17,9	4,6	4,5	108,3
02356 - Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	8,3	16,1	-9,6	22,2	31,4	49,3	27,0	50,8	19,4	0,3	215,2
02357 - Fjölbautaskóli Suðurlands	30,2	30,2	35,6	60,5	50,5	3,1	36,3	18,1	23,7	7,6	295,9
02358 - Verkmenntaskóli Austurlands	17,6	7,2	7,3	12,8	5,4	4,5	20,0	8,6	11,7	8,7	103,8
02359 - Verkmenntaskólinn á Akureyri	82,3	62,6	15,1	70,1	48,1	50,4	11,0	24,6	23,8	16,2	404,2
02360 - Fjölbautaskólinn í Garðabæ	42,2	35,3	40,8	30,6	10,8	11,6	27,4	12,8	15,3	24,9	251,9
02361 - Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	6,6	26,0	24,1	17,1	-3,1	3,7	8,4	11,0			93,7
02362 - Framhaldsskólinn á Húsavík	7,8	6,4	-13,4	3,2	6,2	-5,7	3,5	17,6	15,0		40,5
02363 - Framhaldsskólinn á Laugum	3,1	-6,8	3,0	11,1	12,1	-5,9	2,2	14,4	14,9	0,1	48,3
02365 - Borgarholtsskóli	61,4	48,6	62,9	78,2	86,8	64,9	61,6	20,0	27,2	56,5	568,0
02367 - Fjölbautaskóli Snæfellinga	9,3	23,0	22,4	22,7	3,7	2,1	7,0	19,6	5,0	3,3	118,2
02368 - Menntaskóli Borgarfjarðar	21,9	-2,2	-5,2	2,4	1,8	-0,9	15,0	17,7	8,6		59,0
02369 - Menntaskólinn Hraðbraut	-5,9	0,4		-6,7				-24,2			-36,4
02370 - Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		0,3	2,9	13,6	21,8	22,0	65,9	74,3	4,6	2,6	208,1
02372 - Menntaskólinn á Tröllaskaga		-19,9	-18,2	18,8	-2,2	15,3	14,4	14,5	10,6		33,3
02504 - Tækniskólinn	-228,7	165,9	63,7	201,5	217,9	306,2	231,7	69,7	248,4	211,4	1.487,6
02514 - Iðnskólinn í Reykjavík	28,8										28,8
02516 - Iðnskólinn í Hafnarfirði	45,5	15,4	-21,6	0,9	-33,1	37,5	-90,6	111,9			65,9
02581 - Verslunarskóli Íslands	10,8	33,0	5,1	53,2	13,2	30,1	44,1	54,0	33,4	9,3	286,2
Samtals (millj. kr.)	411,7	954,9	826,8	1.418,9	1.188,9	1.128,8	1.059,3	1.213,8	837,1	729,6	9.769,8

Viðauki VI. Greiðslur til framhaldsskóla fyrir verkefni.

Greitt af safnliðum til framhaldsskóla	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals (m.kr.)
02301 - Menntaskólinn í Reykjavík				-1,2	-4,1	-7,5	-10,7	-5,3	-4,8	-4,5	-38,1
02302 - Menntaskólinn á Akureyri	-4,9	-0,7	-1,2			-2,4		-0,0	-1,1		-10,4
02303 - Menntaskólinn að Laugarvatni		-0,6				-1,7					-2,3
02304 - Menntaskólinn við Hamrahlíð	-0,8	-5,4	-3,2	-1,1	-4,0	-0,5	-0,6	-0,5	-1,0	-1,2	-18,3
02305 - Menntaskólinn við Sund	-2,0	-3,6	-8,3	-1,1	-0,9	-5,5	-1,1	-3,6	-5,5	-0,5	-32,3
02306 - Menntaskólinn á Ísafirði	-7,0	-9,7	-3,3	-0,5	-7,6	-5,4	-0,7	-1,4	-2,0	-1,8	-39,2
02307 - Menntaskólinn á Egilsstöðum	-0,2	-1,4	-1,2	-5,3	-5,6	-3,0	-1,6	-0,8	-4,0		-23,0
02308 - Menntaskólinn í Kópavogi	-3,8	-4,4	-6,3	-11,6	-1,0	-19,8	-4,8	-0,9	-3,4	-11,4	-67,5
02309 - Kvennaskólinn í Reykjavík	-2,4	-6,0	-7,0	-21,6	-22,1	-8,6		-0,5	-0,6	-8,2	-76,9
02350 - Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-6,6	-19,0	-4,2	-8,4	-2,0	-28,7	-14,2	-9,6	-20,2	-7,8	-120,5
02351 - Fjölbrautaskólinn Ármúla	-9,9	-6,7	-4,2	-4,1	-7,7	-12,6	-4,7	-3,8	-6,9	-2,7	-63,3
02352 - Flensborgarskóli	-1,3	-3,2	-4,6	-8,4	-3,1	-7,6	-2,4	-4,9	-6,5	-8,1	-50,0
02353 - Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-3,2	-1,9	-5,1	-2,3	-9,1	-11,9	-3,0	-2,8	-6,9	-7,7	-53,8
02354 - Fjölbrautaskóli Vesturlands	-1,9	-1,8				-3,2	-0,5	-1,7	-0,7	-0,8	-10,6
02355 - Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	-	-1,6	-1,7	-1,2	-0,3	-2,9	-0,4	-0,4	-2,3	-1,3	-12,1
02356 - Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-4,5	-1,2	-26,2	-4,2	-15,7	-19,6	-8,8	-10,8	-20,4	-23,6	-134,9
02357 - Fjölbrautaskóli Suðurlands	-5,6	-5,4	-7,5	-2,7	-3,4	-2,3	-2,2	-1,6	-1,8		-32,2
02358 - Verkmenntaskóli Austurlands	-7,2	-4,4	-2,6	-0,3		-2,3	-0,5	-0,5	-0,6	-6,4	-24,7
02359 - Verkmenntaskólinn á Akureyri	-1,6	-13,6	-3,4	-4,0	-7,0	-18,1	-22,7	-6,8	-5,9	-1,5	-84,8
02360 - Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-3,1	-9,4	0,5	-17,1	-4,5	-5,6	-0,5	-0,9	-3,3	-2,4	-46,1
02361 - Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu		-1,4	-5,2	-3,2	-0,9	-2,1		-3,7			-16,4
02362 - Framhaldsskólinn á Húsavík		-2,0	-1,2	-1,1	-0,4	-2,4	-0,6	-0,7	-0,2	-10,7	-19,3
02363 - Framhaldsskólinn á Laugum	-2,7	-2,0	-1,4	-0,9	-2,3	-1,6	-2,5	-2,1	-1,1	-19,2	-35,9
02365 - Borgarholtsskóli	-2,8	-14,6	-13,7	-9,3	-7,6	-20,0	-23,3	-14,5	-0,6		-106,2
02367 - Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-2,1	-1,3	-3,1	-5,8	-2,4	-5,5	-6,4	-3,6	-3,7	-6,7	-40,6
02370 - Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		-16,7	-16,5	-12,6	-8,3	-10,9	-1,4	-0,6	-4,7	-4,3	-75,9
02372 - Menntaskólinn á Tröllaskaga				-0,6	-3,1	-6,4	-0,4	-3,3	-0,6	-5,2	-19,5
02514 - Iðnskólinn í Reykjavík	-0,6		-1,6								-2,2
02516 - Iðnskólinn í Hafnarfirði		-2,6	-1,2	-6,5	-12,0	-14,6	-1,6	-2,0			-40,5
Samtals (m.kr.)	-74,1	-140,6	-133,2	-134,7	-134,9	-232,7	-115,4	-87,3	-108,6	-135,9	-1.297,4

Viðauki VII. Heildarfrávik frá fjárheimildum.

Þróun heildaraflkomu framhaldsskóla árin 2008–2017.

Ár	Heildarfrávik frá heildar- fjárheimild millj. kr. (v. ás)	Hlutfall rekstrar af heildar- fjárheimild (h. ás)
2008	332,94	97,5%
2009	208,56	98,4%
2010	370,16	97,2%
2011	330,61	97,6%
2012	9,57	99,9%
2013	-101,51	100,7%
2014	-343,86	102,0%
2015	-266,09	101,5%
2016	76,88	99,6%
2017	552,37	97,3%

Viðauki VII, frh.

	12-17		12-16		12-15		12-14		12-13		12-12		12-11		12-10		12-09		12-08		
	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	Frávik %	Heildarfráv %	
Menntaskólinn í Reykjavík	0,89	2,52	1,14	1,76	-2,69	0,69	2,25	3,93	-0,81	1,85	-1,17	2,76	-2,85	4,06	-0,92	6,54	1,74	7,26	-3,01	5,76	
Menntaskólinn á Akureyri	-2,01	-0,59	3,19	1,53	0,42	-3,93	-0,71	-5,33	-1,94	-4,85	-4,03	-2,87	-2,45	1,10	2,18	3,54	3,24	1,39	2,48	-2,17	
Menntaskólinn að Laugarvatni	7,02	11,65	0,56	5,79	1,27	6,26	-1,16	6,21	5,65	7,95	-2,91	2,51	-4,97	5,33	4,86	10,57	7,48	6,68	2,88	-0,91	
Menntaskólinn við Hamrahlöð	3,28	3,32	-1,03	0,12	-0,74	1,23	1,09	2,32	-0,81	1,32	-2,83	2,17	-1,77	4,91	0,21	6,60	-0,18	7,05	0,18	7,47	
Menntaskólinn við Sund	-7,67	-13,56	-4,30	-6,28	0,83	-4,15	-3,11	-5,92	0,02	-2,96	-4,92	-3,07	-3,90	1,76	5,11	5,54	1,17	0,48	-4,55	-0,70	
Menntaskólinn á Ísafirði	0,80	-3,52	-4,54	-4,82	-2,08	-0,27	2,81	2,11	-2,88	-0,77	-0,85	2,07	-2,86	2,79	3,10	5,48	11,60	2,87	-5,86	-10,38	
Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,27	3,04	0,78	2,01	-0,97	1,28	-5,75	2,62	2,98	8,64	1,73	6,50	-1,28	5,13	0,91	6,60	1,95	5,62	-0,26	3,90	
Menntaskólinn í Kópavogi	3,95	5,38	3,79	2,15	-4,48	-3,66	-1,60	0,93	-2,71	2,51	-2,15	4,94	-1,30	7,38	4,00	9,30	5,11	5,64	-0,22	0,60	
Kvennaskólinn í Reykjavík	3,16	4,56	3,36	1,60	3,68	-4,11	-1,32	-10,04	-4,19	-9,35	-4,90	-5,02	-4,71	-0,12	0,25	4,46	0,89	4,53	-3,03	3,80	
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	1,78	1,28	1,23	-0,50	1,73	-3,80	-2,30	-6,83	-1,99	-4,56	-2,30	-2,43	2,62	-0,13	7,01	-3,14	1,73	-11,07	-7,02	-13,42	
Fjölbautaskólinn Ármúla	-0,37	-0,43	-0,62	-0,05	-1,39	0,61	3,05	2,21	-0,54	-0,94	1,66	-0,39	-4,66	-2,29	-4,59	2,26	-3,87	5,72	-2,96	11,38	
Flensborgarskóli	-0,17	-8,09	-5,11	-7,93	3,84	-21,22	-12,82	-34,39	-7,34	-18,49	-5,46	-10,28	4,66	-4,40	-1,45	-10,39	-3,01	-9,27	-0,24	-6,46	
Fjölbautaskóli Suðurnesja	1,53	2,65	-1,99	1,24	1,60	3,36	-3,21	2,20	2,73	5,54	-4,72	2,90	-3,29	7,25	1,62	10,69	2,45	11,48	-2,60	11,67	
Fjölbautaskóli Vesturlands	12,98	17,26	5,35	6,06	4,33	0,83	-0,85	-4,43	0,29	-3,79	-0,93	-4,23	10,21	-3,23	-0,71	-16,44	-2,85	-14,92	-5,45	-11,29	
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	9,09	14,21	6,01	6,49	6,45	0,57	-3,34	-7,70	-0,64	-4,48	-7,86	-3,75	0,01	3,82	1,36	4,00	-6,87	2,77	-3,66	8,61	
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	2,93	-0,18	-3,62	-4,94	-1,58	-2,40	-4,17	-0,96	6,65	3,35	-4,95	-3,78	1,99	1,13	-0,77	-1,03	-2,00	-0,24	0,88	1,66	
Fjölbautaskóli Suðurlands	8,77	13,94	6,50	5,60	2,72	-2,21	-4,27	-5,87	-4,93	-1,54	-2,35	3,18	-0,91	5,68	6,66	7,18	-1,16	0,60	-1,91	1,75	
Verkmenntaskóli Austurlands	1,63	2,00	-1,93	0,45	-0,74	2,50	-3,32	3,50	-1,04	7,09	-1,96	8,12	-8,27	9,65	10,06	18,07	9,78	13,37	-4,10	4,19	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1,96	0,83	0,11	-1,22	-0,51	-2,79	-2,81	-2,60	0,96	0,21	-1,51	-0,75	-1,57	0,77	0,59	2,38	0,87	1,78	0,70	0,96	
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	3,39	3,97	1,24	0,66	-1,99	-0,64	1,68	1,58	0,93	-0,11	-1,93	-1,09	0,39	0,84	-0,01	0,45	1,41	0,49	2,28	-0,97	
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	-1,28	12,37	6,26	14,95	7,27	10,77	10,52	4,84	1,42	-7,15	-18,07	-7,67	0,56	8,40	3,70	8,88	-3,95	4,82	4,55	22,79	
Framhaldsskólinn á Húsavík	8,63	2,85	-1,69	-5,92	-11,21	-3,97	3,71	7,14	-2,33	3,90	7,79	6,45	0,21	-1,60	-8,41	-1,73	-3,43	5,45	-2,05	14,72	
Framhaldsskólinn á Laugum	6,82	6,03	3,39	-0,49	-1,04	-4,29	5,16	-3,80	-5,68	-9,69	-3,69	-3,68	-6,62	0,01	4,94	6,96	3,18	2,39	4,65	-0,87	
Borgarholtsskóli	-0,33	0,89	-1,30	1,29	0,01	2,73	0,19	3,24	0,82	3,21	0,52	2,46	-1,87	2,06	1,35	4,03	-4,38	2,55	-1,68	6,59	
Fjölbautaskóli Snæfellinga	8,43	8,64	1,25	0,30	-1,73	-0,97	2,50	0,80	2,32	-1,91	-0,45	-4,51	8,90	-4,23	1,70	-15,22	-6,55	-16,56	-6,56	-9,78	
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-0,97	-11,79	-8,96	-10,52	8,50	-2,86	-19,36	-18,38	1,05	1,07	-2,91	0,02	3,85	4,36	-5,96	0,77	10,09	10,09			
Menntaskólinn á Tröllaskaga	2,02	7,92	2,45	8,47	8,53	6,64	-9,73	-2,21	2,66	7,72	1,35	6,49	11,70	20,14	23,14	24,17	16,72	16,72			
27																					
>4%	7	10	4	6	5	3	2	3	2	5	1	5	4	11	7	15	6	13	2	9	
<-4%	1	3	4	6	2	4	6	9	4	7	8	5	5	2	3	3	3	4	6	5	

Viðauki VII, frh.**Rekstrarafkoma opinberra framhaldsskóla af fjárheimild innan árs.**

	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Rekstrarafgangur umfram 4%	7	4	5	2	2	1	4	7	6	2
Rekstrarhalli undir -4%	1	4	2	6	4	8	5	3	3	6

Rekstrarafkoma opinberra framhaldsskóla af heildarfjárheimild.

	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Rekstrarafgangur umfram 4%	10	6	3	3	5	5	11	15	13	9
Rekstrarhalli undir -4%	3	6	4	9	7	5	2	3	4	5

Viðauki VIII. Framlag á ársnemanda.

Frumvarp til fjárlaga 2008–16 og fylgirit með fjárlögum 2017.

Framlag á ársnemanda í framhaldsskólum í þús. kr.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Menntaskólinn í Reykjavík	527,0	596,0	533,0	512,0	551,0	599,0	633,8	802,4	866,7	979,1
Menntaskólinn á Akureyri	599,0	690,0	678,0	646,0	690,0	713,0	754,2	937,6	1.000,6	1.119,3
Menntaskólinn að Laugarvatni	910,0	1.013,0	992,0	970,0	1.016,0	1.071,0	1.109,7	1.461,5	1.720,2	1.906,2
Menntaskólinn við Hamrahlíð	580,0	648,0	611,0	585,0	629,0	651,0	690,6	880,1	946,6	1.053,5
Menntaskólinn við Sund	536,0	613,0	584,0	559,0	606,0	627,0	692,2	854,5	904,3	1.025,3
Menntaskólinn á Ísafirði	714,0	850,0	887,0	848,0	868,0	946,0	1.023,9	1.378,6	1.389,7	1.551,5
Menntaskólinn á Egilsstöðum	696,0	815,0	847,0	822,0	889,0	975,0	1.036,5	1.514,6	1.491,7	1.618,6
Menntaskólinn í Kópavogi	642,0	735,0	701,0	674,0	729,0	745,0	784,8	974,4	1.056,4	1.191,2
Kvennaskólinn í Reykjavík	532,0	605,0	542,0	539,0	594,0	605,0	651,2	829,1	887,9	1.013,0
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	683,0	780,0	737,0	727,0	782,0	807,0	848,1	1.116,8	1.180,5	1.368,4
Fjölbautaskólinn við Ármúla	641,0	725,0	705,0	689,0	728,0	736,0	813,7	1.050,9	1.140,7	1.296,5
Flensborgarskóli	603,0	674,0	660,0	657,0	719,0	731,0	768,0	994,3	1.055,7	1.196,0
Fjölbautaskóli Suðurnesja	685,0	762,0	731,0	711,0	739,0	762,0	801,1	1.077,6	1.103,5	1.324,1
Fjölbautaskóli Vesturlands	709,0	808,0	831,0	776,0	846,0	874,0	919,0	1.156,6	1.217,6	1.383,0
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	755,0	801,0	816,0	840,0	879,0	911,0	964,2	1.277,1	1.264,0	1.614,3
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	805,0	877,0	934,0	927,0	1.035,0	1.075,0	1.126,5	1.528,9	1.594,2	1.813,0
Fjölbautaskóli Suðurlands	685,0	774,0	784,0	751,0	846,0	904,0	925,9	1.194,9	1.277,7	1.503,6
Verkmenntaskóli Austurlands	1.043,0	1.172,0	1.210,0	1.159,0	1.293,0	1.322,0	1.416,8	1.702,9	1.773,2	2.035,4
Verkmenntaskólinn á Akureyri	747,0	831,0	859,0	826,0	910,0	928,0	969,0	1.271,9	1.292,4	1.491,2
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	603,0	660,0	644,0	632,0	672,0	692,0	732,6	926,6	989,2	1.119,5
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	958,0	1.071,0	1.016,0	1.030,0	1.026,0	1.028,0	1.084,7	1.432,8	1.483,0	1.719,3
Framhaldsskólinn á Húsavík	933,0	1.026,0	983,0	898,0	965,0	1.028,0	1.087,5	1.530,9	1.626,4	1.830,4
Framhaldsskólinn á Laugum	1.152,0	1.264,0	1.483,0	1.491,0	1.484,0	1.574,0	1.632,0	2.060,0	2.149,3	2.336,7
Borgarholtsskóli	739,0	803,0	774,0	751,0	827,0	849,0	895,0	1.142,6	1.175,0	1.349,2
Fjölbautaskóli Snæfellinga	959,0	1.057,0	979,0	962,0	1.014,0	1.057,0	1.109,0	1.508,6	1.596,4	1.765,2
Menntaskólinn í Borgarnesi		1.000,0	1.175,0	972,0	1.035,0	1.030,0	1.014,5	1.330,3	1.368,5	1.619,2
Menntaskólinn Hraðbraut	523,0	698,0	632,0	603,0	830,0					
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		1.046,0	732,0	675,0	782,0	811,0	955,0	1.204,8	1.272,0	1.364,3
Menntaskólinn á Tröllaskaga		1.547,0	1.487,0	1.134,0	1.165,0	1.238,0	1.384,6	1.818,8	1.867,6	2.073,6
Tækniskólinn		977,0	952,0	919,0	970,0	991,0	1.017,3	1.272,5	1.346,0	1.514,8
Fjöltækniskóli Íslands	1.024,0									
Iðnskólinn í Reykjavík	857,0									
Iðnskólinn í Hafnarfirði	954,0	1.127,0	1.086,0	1.029,0	1.085,0	1.139,0	1.102,0	1.451,1		
Verslunarskóli Íslands	562,0	636,0	635,0	603,0	638,0	660,0	678,3	844,3	898,5	1.002,4